

um frv. til laga um tollskrá o. fl.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Með aðild Íslands að EFTA og síðan með samningi við EBE gengust Íslendingar undir ákveðnar skuldbindingar um lækkun aðflutningsgjalda af innfluttum vörum frá aðildarríkjum þessara viðskiptabandalaga. Á móti fengu Íslendingar mjög veigamikil hlunnindi. Hefur EFTA-samningurinn þegar sannað gildi sitt og vonandi reynist raunin hin sama varðandi samninginn við Efnahagsbandalagið.

Núverandi stjórnarandstöðuflokkar höfðu forustu um mörkun þessarar stefnu í viðskiptamálum þjóðarinnar. Jafnframt beitti fyrrverandi ríkisstjórn sér fyrir nauðsynlegum aðgerðum til þess að auðvelda íslenskum iðnaði hina auknu samkeppni á heimsmarkaði jafnhliða mikilvægri aðstoð við útflutningsiðnaðinn.

Um framkvæmd þessarar stefnu er því vissulega enginn ágreiningur við núverandi ríkisstjórn, en sumir ráðherrar hennar beittu sér á sínum tíma mjög gegn aðild að EFTA og samningum við EBE. Ber því að fagna sinnaskiptum núverandi valdhafa og þeirri meginstefnu í tollamálum almennt, sem túlkuð er í grg. þessa frv.

Það er því engan veginn svo, að undirritaðir nefndarmenn Sjálfstfl. og Alþfl. séu andvígir þeim þremur aðalatriðum frv.: a) Að standa við gerða samninga við EFTA og EBE; b) að lækka tolla á hráefnum og vélum íslensks iðnaðar og c) að lækka ytri tolla, þar sem þess er þörf af viðskiptaástæðum. Ástæðan til þess, að við skilum sérstöku nefndaráliti, er sú, að við fordæmum harðlega meðferð málsins í þingi og þó fyrst og fremst þá fráleitu hugmynd að tengja sérstaka tekjuöflun fyrir ríkissjóð tollskrárfrv. og bera fram í greinargerð frv. beinar hótanir um það, að vilji stuðningsmenn frv. á Alþingi ekki jafnframt fallast á tiltekna tekjuöflun, þá muni ríkisstj. ekki láta lögfesta frv., enda þótt líklegt sé, að allir þingflokkar séu því fylgjandi. Hér munu vera um einsdæmi að ræða í þingsöggunni.

Samkvæmt aðildarsamningi við EFTA voru gerðar mjög viðtækar breytingar á tollskránni 1970, en þá voru verndartollar gagnvart EFTA-löndum lækkaðir um 30% og miklar tollalækkanir gerðar vegna íslensks iðnaðar. Þá þegar var ljóst, að næsti áfangi tollalækkana, 10%, yrði að taka gildi í ársbyrjun 1974. Engu að síður hélt ríkisstjórnin að sér höndum þar til í s.l. ágústmánuði, að hún fól sérfræðingum að endurskoða tollskrána, og ekki er liðin vika síðan frv. ásamt grg., samtals 216 síður, lá á borði þinginnanna, og nú er ætlast til, að Alþingi afgreiði málið endanlega á 4—5 dögum.

Tollskráin er ein víðamesta og flóknasta löggjöf, sem hér gildir, og þarf langan tíma og mikla varfærni til að gera á henni breytingar, sem ekki valdi ósamræmi. Þingmenn eiga því engra annarra kosta vöð í slíkri tímaþröng en annaðhvort samþykkja frv. nánast blindandi eða fella það, því að breytingum, sem nokkru nema, verður ekki við komið.

Vegna mikilvægis málsins mælum við þó með því, að frv. verði samþykkt með þeim breytingum, sem nefndin stendur sameiginlega að.

Hins vegar mótmælum við harðlega tillögu þeirri um hækkun söluskatts, sem fjármálaráðherra gerir kröfu til, að hengd verði aftan í frv. sem bráðabirgða-ákvæði, bæði sem óþinglegri og ástæðulausri. Það er með öllu fráleitt að breyta lögum um söluskatt með tollskrárlögum. Jafnframt er verið að reyna með þessu á óviðurkvæmilegan hátt að tengja við nauðsynjamál, sem hefur almennt fylgt á þingi, skattheimtu, sem ekki nýtur nægilegs stuðnings til að geta náð fram að ganga með þinglegum hætti.

Áætlað er af ríkisstj., að frv. valdi ríkissjóði á næsta ári 615 millj. kr. tekjutapi. Innflutningur til landsins hefur vaxið svo gífurlega að undanförunu, að tekjur

af aðflutningsgjöldum eru áætlaðar að verða 8.5 milljarðar, sem er 1.7 milljarða hækkun frá núgildandi fjárlögum og einum milljarði kr. hærri upphæð en áætlað var í fjárlagafrv., sem lagt var fyrir Alþingi í byrjun október í haust. Svo örar eru hækkanirnar, og miðað við þá óðaverðbólgu, sem geisar af sífellt meiri krafti, má telja víst, að aðflutningsgjöld fari það mikið fram úr fjárlagaáætlun á næsta ári, að tekjutapið vegna þessarar tollalækkunar skipti litlu máli í hinum stjarnfræðilega talnaleik ríkisstjórnarinnar, þar sem milljónir eru nánast smámynt.

Því síður er þörf þessarar furðulegu tekjuöflunar, að í fjárlagafrv. er áætlað fyrir um 200 millj. kr. af umræddu 615 millj. kr. tekjutapi, svo að eftir standa, sem þó byggjast á beinum ágiskunum, um 400 millj. Til að mæta þeirri smávægi- legu upphæð í fjármálafeni ríkisstjórnarinnar heimtar fjármálaráðherra 1% sölu- skatt, sem gefur um 650 millj. eða 250 millj. umfram tekjutapið, og hótar að stöðva ella bráðnauðsynlega lagasetningu. Allir heilvita menn hljóta að fordæma þessi vinnubrögð, því að fjármálaráðherra er auðvitað í lófa lagið að spara jafn- virði þeirrar fjárhæðar í 30 milljarða fjárlögum. Hér er aðeins um örlítið brot að ræða af þeim stórkostlega efnahagsvanda, sem framundan er og stjórnin ætti frem- ur að reyna að leysa en efna að ástæðulausu til illinda um nauðsynjamál.

Alþingi, 18. des. 1974.

Magnús Jónsson,  
frsm.

Geir Hallgrímsson.

Jón Árm. Héðinsson.